

Félag íslenskra safna og safnmanna



Dagsnámskeið föstudaginn 15. maí:

9:00-12:00

Menningarstjórnun:

Námskeið í menningarstjórnun þar sem hún er kynnt með sérstakri áherslu á stjórnun safna og hlutverk þeirra í samfélaginu. Farið verður í frumatriði menningarstjórnunar svo sem hugmyndafræði menningarstofnana og stefnumörkun, markaðssetningu og hugmyndavinnu. Helstu atriði stjórnunarfræða verða rædd, og skipulag menningarfyrirtækja sett í samhengi við breyttar samfélagslegar kröfur.

Kennari: Njörður Sigurjónsson

12:00-13:00

Hádegishlé

13:00-16:00

Upplýsingatækni, vefumsjón og notkun samfélagsmiðla:

Í námskeiðinu verður kennd upplýsingatækni til miðlunar efnis og gerð spurningakannana safna með ókeypis kerfum. Einnig verður fjallað stuttlega um grunnatriði gagnasafnskerfa og vefumsjónarkerfi kynnt lausnlega, bæði sem upplýsingaveitur og fyrir blogg, s.s. Wordpress, Joomla (open source), Drupal (open source) og Moodle (kennslukerfi sem hægt er að nota til miðlunar efnis). Helstu kostir og gallar við notkun samfélagsmiðla verða kynntir, hvað beri að varast og hvernig megi nýta þá sem best. Eins verða skoðaðir markhópar mismunandi samfélagsmiðla.

Kennari: Jón Freyr Jóhannsson

Um kennara:

Njörður Sigurjónsson:

Njörður Sigurjónsson PhD, er dósent í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst en áður starfaði hann meða annars sem framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs og markaðsstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Njörður er með BA próf í heimspeki og M.Sc. í alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands, auk doktorsprófs í menningarstefnu og -stjórnun (Doctor of Philosophy in Cultural Policy and Management), frá City University í Lundúnum.

Jón Freyr Jóhannsson:

Jón Freyr hefur starfað sem aðjúntk við Háskólann á Bifröst frá árinu 2008 og kennir bæði í grunn- og meistarnámi, Jón Freyr er með BSc í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands (1989) og meistargráðu í viðskiptafræði MBA frá Háskólanum í Reykjavík (2003) og hefur einnig lokið kennslufræði til

Vinsamlegast farið með þetta skjal sem trúnaðarmál.



kennsluréttinda (2011) og diplomu í rekstra- og viðskiptafræði frá Endurmenntunarstofnun HÍ (1996). Í gegnum árin hefur Jón Freyr gefið út ýmis konar kennsluefni m.a. í Excel.

Lengd og staðsetning:

Dagsnámskeið í aðstöðu Háskólans á Bifröst, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík.

Tilboð miðast við að lágmarki 20 manns og kostar 19.000 kr. á mann.

Innifalið: Kennsla og kennslugögn, léttur hádegisverður og kaffi.

Verð gilda til 30.6.2015

Vinsamlegast farið með þetta skjal sem trúnaðarmál.